

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 2. desember 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-134/2010:

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 25. október sl. bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann segir vera á bifreiðinni A, sem hann keypti af Y sem nú er búsettur í B. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði kostnað við viðgerð á bifreiðinni, kr. 324.869.

### II

#### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 25. október sl., gaf kæruneftndin umboðsmanni seljanda hér á landi kost á andsvörum og bærust þau 29. október. Með bréfi, dags. sama dag, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 12. nóvember. Engar athugasemdir bærust. Með bréfi, dags. 29. nóvember sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu kæruneftndarinnar.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt kaupsamningi og afsali, dags. 27. maí 2010, keypti álitsbeiðandi bifreiðina A, af Y. Bifreiðinni hafði þá verið ekið 100.000 km og fyrsti skráningardagur hennar 23. desember 2004. Kaupverðið var kr. 3.900.000.

Í álitsbeiðni segir m.a. eftirfarandi:

„Ágreiningurinn stendur um viðgerð vegna gallaðra spíssa sem þurfti að skipta um, viðgerð upp á 324.869 kr. Ég tel að seljanda beri að greiða viðgerðina en á það vill hann ekki fallast. Fljótlega kom upp grunur um að ekki væri allt með felldu með ganginn í bílnum við kaldræsingu sem staðfestist 7 dögum eftir kaup eða 4.06.2010 þegar Z mælti með að efni yrði sett í tankinn til að hreinsa spíssana. Það reyndist ekki duga og 14. september kom úrskurðurinn aftur frá Z um að spíssarnir væru ónýtir og skipta þyrfti um þá. Talsvert virðist vera um þessar bilanir sbr. blaðaskrif núna síðsumars og virðist Z líta á þetta sem galla en neitar að greiða kostnaðinn eftir 5 ára aldur (verksmiðjuábyrgðin er 3 ár) (Þetta virðist þó ekki vera algilt því ég veit um tvö nýleg dæmi þar sem Z tekur á sig kostnað við viðgerðina eftir 5 árin.) Að ofangreindu þykir undirrituðum sannað að gallinn var til staðar við kaup þótt leynt færi. Mér skilst að seljandi beri ábyrgð á leyndum galla og gildir þá einu hvort seljandi vissi af gallanum eða ekki en á það vill seljandi ekki fallast. Ég kaupandi fer fram á að seljandi greiði viðgerðina vegna spíssanna að upphæð kr. 324.869.“

### IV

## Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda sem umboðsmaður hans ritar segir m.a. eftirfarandi:

„X lét söluskoða bílinn áður en kaupin fóru fram nú sl. vor. Þar fundust nokkur atriði sem þörfuðust lagfæringar, ekkert þeirra hafði ég vitað um fyrir, en féllst strax á að lækka verð bílsins á móti kostnaði við þær lagfæringar og treysti þar bæði orðum X og skoðunarfræðingisins sem hann leitaði til, enda starfa þar sérfræðingar í bílum. X segir mér nú að það sem þurfi að gera við, annars vegar bremsur, hins vegar kælivatnsdæla megi rekja til verksmiðjugalla sem þekktur sé í þessum bílum. Það vissi ég ekki þá og taldi því Y að lækka verð bílsins, annars hefði mér þótt eðlilegt að Z kostaði viðgerðina. Síðan X eignaðist bílinn hefur einn galli komið í ljós, sá sem hann varð að láta gera við fyrir á fjórða hundrað þúsund króna og þetta mál snýst um. Ég vissi ekki af þessum galla sem að sögn er einnig þekktur verksmiðjugalli í vél. Hann kemur ekki fram á neinn hátt við notkun bílsins fyrr en vélin bræðir úr sér. Ég hef hvorki þekkingu á vélum né neinar forsendur til að verða vör við eða þekkja galla á starfsemi bílvéla nema að bíllinn virki ekki eins og hann á að gera. Y hefur hins vegar mikla reynslu og þekkingu á vélum og varð aldrei frekar en ég var við að nokkuð væri að vélinni. Þennan galla má einungis finna með mælingu í sérstakri tölvu hjá Z og hefði fyrirtækið því átt að láta Y vita af honum áður en hann keypti bílinn af því. Mín skoðun er því sú að fyrirtæki sem selur fólki (sem ekki er hægt að reikna með að sé tæknisérfræðingar) margra milljón króna tæki með leyndum göllum, skuli sjá um að kippa þeim í lag þó að ábyrgð kunni að vera útrunnin, annars vegar af öryggisástæðum, hins vegar vegna álits fyrirtækisins, sem hlýtur að vera nokkurs virði. Eitt er víst að ef Z tekur ekki að sér að bæta tjón X mun ég hvorki sjálf skipta við það fyrirtæki framur eða mæla með því við nokkurn mann. Í raun ætti Z líka að bæta Y það sem hann gaf eftir af söluverði bílsins vegna gallaðrar kælivatnsdælu og gallaðs bremsubúnaðar.“

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni C, dags. 11. ágúst 2010, segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutæki selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“ Kærunefndin álítur að um kaupin gildi því 19.- 20. gr. laga nr. 50/2000, en í þeim lagagreinum segir m.a. eftirfarandi:

**19. gr.** *Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.*  
 Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli

skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

**20. gr.** *Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.*

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Upplýst er að álitsbeiðandi fór með bifreiðina í ástandsskoðun fyrir kaupin og munu þá hafa komið í ljós gallar sem tekið var tillit til þegar kaupverð bifreiðarinnar var ákveðið. Við þá skoðun virðist ekkert hafa komið í ljós um að spíssar væru ekki í lagi. Í álitsbeiðni segir að 7 dögum eftir kaupin, eða 4. júní sl., hafi verið staðfest á verkstæði Z að ekki væri allt með felldu með spíssana og lagður hefur verið fram reikningur frá Z sem sýnir að farið var með bifreiðina á verkstæði fyrirtækisins þann dag. Samkvæmt reikningi, dags. 22. september sl., var skipt um spíssana. Þar sem svo skammur tími leið frá því að bifreiðin var afhent álitsbeiðanda og þar til í ljós kom að skipta þurfti um spíssana, og það gert, álítur kærunefndin að byggja verði á því að í skilningi lausafjárkaupalaga hafi galli verið á bifreiðinni að því leyti þegar kaupin fóru fram. Hins vegar er ekki sérstök ástæða til að ætla að seljanda hafi verið kunnugt um þennan galla enda þótt skammur tími liði frá kaupunum þar til hann kom í ljós. Kærunefndin álítur að vegna þessa verði að telja að ástand bifreiðarinnar hafi verið til muna verra við kaupin en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. c-lið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000. Þótt hér kynni að vera um framleiðslugalla á bifreiðinni að ræða breytir það ekki því að álitsbeiðandi getur beint kröfum sínum að seljanda bifreiðarinnar en seljandi aftur á móti kann að eiga kröfu á hendur þeim sem hann keypti af. Kærunefndin tekur ekki afstöðu til þess enda sá seljandi ekki aðili að máli þessu.

Í 30. gr. laga nr. 50/2000 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða geti kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.-40. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr.

Á kröfu álitsbeiðanda verður að líta sem skaðabótakröfu og er það álit kærunefndarinnar að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda bætur vegna galla á spíssunum.

Við ákvörðun bóta verður engu að síður að hafa í huga að bifreiðin var komin vel á 6. aldursár og hafði verið ekið 100.000 km. eftir því sem fram kemur í kaupsamningi. Bifreiðin var því komin nokkuð til ára sinna og alltaf má gera ráð fyrir því að einhvern tíma á líftíma díselbifreiðar komi að því að skipta þurfi um spíssa þó að það fari eðlilega eftir meðferð bifreiðarinnar og almennu viðhaldi hve líftíminn verður langur. Í því tilviki sem hér um ræðir hefur álitsbeiðandi fengið nýja spíssa í bifreið sína í stað gamalla og ætti því ekki að þurfa að skipta síðar um þá verði allt með felldu. Þegar framangreint er

haft í huga er það niðurstaða kærufndarinnar að hæfilegt sé að seljandi greiði álitsbeiðanda kr. 150.000 í skaðabætur vegna spíssanna.

**VI**

**Álitsorð**

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 150.000.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Ólafur R. Guðmundsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir